

**3516. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, föstudaginn 4. nóvember 2022 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Samþykkt að halda aukabæjarráðsfund til afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Samþykkt 3:0

**Fyrir tekið:**

**1. 2208072 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2023 - 2026**

Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2023 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2024- 2026.

*Bæjarráð samþykkir að vísa fyrirbyggjandi fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun vegna ársins 2023 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2024 - 2026 til fyrri umræðu í bæjarstjórn Akraness sem fram fer þriðjudaginn 8. nóvember næstkomandi.*

Samþykkt 3:0

**2. 2207107 - Fjárhagsáætlun 2023 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2024-2026**

Lokafundur bæjarráðs fyrir framlagningu fjárhagsáætlunar í bæjarstjórn Akraness á fundi sem fram fer þann 8. nóvember næstkomandi.

*Bæjarráð samþykkir fjárhagsáætlun ársins 2023 og þriggja ára áætlun vegna árána 2024 til og með 2026 ásamt tillögum sem meðfylgjandi eru áætluninni.*

Samþykkt 2:0, RBS situr hjá við afgreiðslu málsins.

*Bæjarráð samþykkir að vísa fjárhagsáætlun ársins 2023 og þriggja ára áætlun vegna árána 2023 til og með 2026 ásamt tillögum sem meðfylgjandi eru áætluninni til fyrri umræðu í bæjarstjórn Akraness sem fram fer þriðjudaginn 8. nóvember næstkomandi.*

Samþykkt 3:0

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:45.**

Líf Lárusdóttir  
Valgarður L. Jónsson  
Ragnar Sæmundsson  
Steinar Freyr Þráinsson  
Sævar Freyr Þráinsson